

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 40/2000
frá 11. apríl 2000

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/1999 frá 2. júní 1999⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til ákvörðunar ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að unnt sé að gera ráð fyrir þessu útvíkkaða samstarfi frá 1. janúar 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53.

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 8. mgr. 10. gr. (Almannavarnir) í bókun 31 við samninginn:

„- **399 D 0847:** Ákvörðun ráðsins 1999/847/EB frá 9. desember 1999 um að innleiða aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna (Stjtíð. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53).“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. gr. í bókun 31 við samninginn:

1. Í stað orðsins „áætlun“ í 5., 6. og 7. mgr. komi „áætlanir“.
2. Í stað orðsins „nefnd“ í 7. mgr. komi „nefndir“.
3. Í stað orðsins „gerð“ komi „gerðir“.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. júlí 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún gildir frá 1. janúar 2000

(*) Stjórnarsýsluleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*
Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 11. apríl 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner

